



Borgarráð

Aflétting á fyrirvara varðandi stofnun verkefnafélags um Coda Terminal verkefni Carbfix ohf.

Lagt er til að borgarráð samþykki að aflétta þeim fyrirvara sem gerður var á samþykkt borgarráðs frá 9. desember 2021 varðandi stofnun verkefnafélags um Coda Terminal verkefni Carbfix ohf. að því gefnu að fyrir lægi ótvíræð lagaheimild fyrir rekstri þess.

Með vísan í hjálagt bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 2. febrúar 2022 er nú unnt að aflétta þeim fyrirvara.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga til borgarráðs vegna Carbfix hf. og Coda terminal, dags. 7. desember 2021.

Bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 2. febrúar 2022.

Afrit af tölvupósti lögfræðings umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 3. febrúar 2022.



Borgarráð


Tillaga vegna Carbfíx hf. og Coda Terminal

Lagt er til að samþykkt verði tillaga stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur eigna ohf. frá 27. september 2021 um að stofnað verði verkefnafélag um Coda terminal verkefni Carbfíx ohf. að því gefnu að fyrir liggi ótvíræð lagaheimild fyrir rekstri þess. Borgarstjóra, f.h. Reykjavíkurborgar, verði falið í samráði við aðra eigendur OR að leita eftir því við umhverfis, orku- og loftslagsráðherra að gerðverði breyting á lögum sem heimili Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélögum að þróa og reka í starfsemi sinni og taka þátt í verkefnum sem lúta að kolefnisförgun (Carbfíx tækni) jafnvel þótt ekki sé um að ræða kjarnastarfsemi. Lagt er til að tillögu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 28. júní 2021 um stofnun Carbfíx hf. verði hafnað að sinni þar sem fullnægjandi gögn liggja ekki fyrir, sjá nánari umfjöllun í umsögn. Áhersla verði lögð á hlutverk Carbfíx ohf. sem leiðandi aðila við áframhaldandi þróun og rekstur Carbfíx tækninnar og Orkuveitu Reykjavíkur gefin heimild til að fjármagna rekstur og fjárfestingar í samræmi við viðskiptaáætlanir.

Greinargerð:

Þann 29. júní sl. barst erindi Orkuveitu Reykjavíkur til borgarstjóra um stofnun hlutafélagsins Carbfíx hf. Þann 6. október sl. barst erindi Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ohf. um stofnun verkefnafélags um Coda Terminal verkefni Carbfíx. Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og borgarlögmanni var falið að rýna tillögurnar og gera umsögn til borgarráðs um efni og meðferð þeirra. Vísað er í hjálagða umsögn til frekari rökstuðnings tillögunum.

Fylgigögn með umsögn eru að hluta til vinnuskjöl sem verða ekki birt opinberlega og skulu því njóta trúnaðar og vera undanþeginn þp lýsingarétti á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 140/2012, þ.e. Viðskiptaáætlanir Carbfíx hf. og Viðskiptaáætlun - drög um Coda Terminal.



Dagur B. Eggertsson

Fylgiskjal:

Umsögn vegna Carbfíx hf., dags. 6. desember 2021.

Tillögu og fylgigögn um stofnun Carbfíx hf. og Coda verkefnafélags.

Viðskiptaáætlanir Carbfíx hf. og Coda Terminal _TRÚNAÐARMÁL



Orkuveita Reykjavíkur, Carbfíx

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 02. febrúar 2022
Tilv.: UMH22010010/9.0

Efni: Fyrirhugaðar breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 136/2013.

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti upplýsir Orkuveitu Reykjavíkur um áform um að leggja fram á 153. löggjafarþingi frumvarp um breytingu á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 136/2013. Fyrirhugaðar breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur verða gerðar til þess að tryggja enn frekar lagastoð fyrir heimildum Orkuveitu Reykjavíkur til þess að stofna dótturfélög utan um rekstur Carbfíx og til þess að koma í veg fyrir að slík vafamál geti komið upp síðar.

Fyrir hönd ráðherra


Halla Sigrún Sigurðardóttir


Helga Jónsdóttir



Orkuveita Reykjavíkur, Carbfíx

UMHVERFIS- OG
AÐBLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 02. febrúar 2022
Tilv.: UMH22010010/9.0

Efni: Lagastoð fyrir stofnun Carbfíx hlutafélags og verkefnafélags Coda.

Aðstandendur Carbfíx verkefnisins á Hellisheiði ásamt lögfræðingi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) komu á fund ráðherra þann 15. desember sl. til að ræða umsögn borgarlögmans og sviðstjóra fjármála- og áhættusviðs borgarinnar um tillögur OR að stofnun Carbfíx hf. og Coda Terminal, frá 6. desember sl. sem var samþykkt í borgarráði þann 7. des. sl. Samkvæmt framangreindri umsögn er talið nauðsynlegt að breyta 2. mgr. 2. gr. laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur með þeim hætti að heimildir OR til að stofna dótturfélög sem stunda starfsemi sem fellur utan skilgreiningar á kjarnastarfsemi fyrirtækisins verði ótvíræðar.

Skrifstofa loftslagsmála fór yfir fyrirbyggjandi gögn sem voru eftirtalin:

- álit borgarlögmans, dags. 6. des. 2021,
- tillaga til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 28. júní 2021 um stofnun hlutafélags Carbfíx,
- minnisblað LEX lögmansstofu, dags. 24. sept. 2021 um kjarnastarfsemi OR og áformaða stofnun Carbfíx hf.
- minnisblað Summu frá því í október 2021 um áhættumat vegna stofnunar Carbfíx hf.

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur kemur fram að OR sé heimilt að eiga dótturfélög og eiga hlut í félögum. Í 2. mgr. 2. gr. laganna kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög stundi vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hafi sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt geti rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Kjarnastarfsemi er ekki skilgreind í lögum um Orkuveitu Reykjavíkur en í eigendastefnu OR, sem var uppfærð 25. apríl 2014, segir í 3. gr. um kjarnastarfsemi: Kjarnastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur felst í rekstri vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu, sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni. Orkuveita Reykjavíkur getur nýtt þekkingu fyrirtækisins til þátttöku í öðrum veitukerfum, s.s. rekstri gagnaveitu, enda þjóni hann markmiðum eigenda og þátttakan hljóti samþykki þeirra.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 297/2006 um Orkuveitu Reykjavíkur sem sett var í gildistíð eldri laga um Orkuveitu Reykjavíkur er tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins, uppbygging og rekstur fráveitukerfa, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Enn fremur kemur fram í reglugerðinni að Orkuveitu Reykjavíkur sé heimilt að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum. Í reglugerðinni er ekki gerður áskilnaður um

að önnur starfsemi tengist kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Þegar Carbfíx ohf. var stofnað í desember 2019 virðist það ekki hafa komið til skoðunar hvort starfsemi þess rúmaðist innan ramma laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur og þar með kjarnastarfsemi OR, jafnvel þó fyrirséð væri að verkefni framundan hjá Carbfíx tengdust ekki kjarnastarfsemi með beinum hætti. Í greinargerð með tillögu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf. dags. 25. nóvember 2019, til eigendafundar OR þann 16. des. 2019 þar sem stofnun Carbfíx ohf. var lögð til, kemur enn fremur fram að þau verkefni sem framundan séu hjá Carbfíx, tengist ekki kjarnastarfsemi með beinum hætti og að kannað verði hvort nýta megi Carbfíx aðferðina til að hreinsa koldíoxíð úr útblæstri stóriðjufyrirtækja.

Í niðurstöðum umsagnar borgarlögmanns og sviðsstjóra fjármála- og áhættusviðs, kemur fram að óvissa sé um lagaheimild fyrir stofnun Carbfíx hf. Enn fremur kemur fram að óvissa sé um lagaheimild fyrir Carbfíx ohf. og rekstri verkefnafélags Coda. Í umsógninni er ekki fjallað nánar um að lagastoð hafi verið ábótavant við stofnun opinbers hlutafélags Carbfíx 2019.

Í minnisblaði LEX kemur fram, að ótvírætt sé að aðkoma OR og dótturfyrirtækja að þróun Carbfíx aðferðarinnar sem og notkun tækninnar í virkjunum fyrirtækjanna tengist kjarnastarfsemi þeirra og þeim starfsheimildum sem leiða af 2. mgr. 2. gr. laga nr. 136/2013. Að mati LEX er ekki hægt að túlka ákvæði 2. mgr. 2. gr. á þann veg að það standi í vegi fyrir því að OR geti átt hlut í félagi sem tengist Carbfíx verkefninu og þannig nýtt hugverk sín til hagsbóta fyrir hluthafa og eigendur sína. Í minnisblaðinu kemur einnig fram að um Carbfíx ohf. gildi almennar leikreglur um hlutafélög skv. lögum um hlutafélög, nr. 2/1995. Helsta hlutverk Carbfíx ohf. sé að halda utan um eign hugverkaréttinda að baki Carbfíx aðferðinni og að taka á móti hugverkagreiðslum.

Ráðuneytið bað um álit viðskiptaskrifstofu, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, á fyrirbyggjandi gögnum. Niðurstaða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis er, að eðlilegt sé að líta svo á að aðkoma OR og dótturfyrirtækja að þróun Carbfíx-aðferðarinnar sem og notkun tækninnar í virkjunum fyrirtækjanna tengist kjarnastarfsemi þeirra og þeim starfsheimildum sem leiða af 2. mgr. 2. gr. laga nr. 136/2013, um Orkuveitu Reykjavíkur, og eigendastefnu OR. Að mati atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis sé ekki hægt að túlka ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 136/2013 á þann veg að það standi í vegi fyrir því að OR geti átt hlut í félagi sem tengist Carbfíx-verkefninu og þannig nýtt hugverkin sín til hagsbóta fyrir hluthafa og eigendur sína.

NIÐURSTAÐA:

Þegar opinbert hlutafélag var stofnað utan um starfsemi Carbfíx árið 2019, virðist ekki hafa komið til álita hvort starfsemin rúmaðist innan skilgreiningar laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur, jafnvel þó lægi fyrir að verkefni tengdust ekki kjarnastarfsemi með beinum hætti. Enginn vafi leikur á því að aðkoma OR og dótturfyrirtækja að þróun Carbfíx aðferðarinnar sem og notkun tækninnar í virkjunum fyrirtækjanna tengist kjarnastarfsemi þeirra og þeim starfsheimildum sem leiða af 2. mgr. 2. gr. laga nr. 136/2013.

Lagastoð Carbfíx ohf. er því metin fullnægjandi og stofnun verkefnafélags Coda því möguleg á grundvelli hennar.

Fyrir hönd ráðherra


Halla Sigrún Sigurðardóttir


Helga Jónsdóttir

From: [Helga Jónsdóttir](#)
To: [Elín Smáradóttir](#); [Edda Sif Pind Aradóttir](#); [Gestur Pétursson](#)
Cc: [Halla Sigrún Sigurðardóttir](#); [Helga Barðadóttir](#); [Ása Ögmundsdóttir](#)
Subject: RE: Svar ráðuneytis varðandi lagastoð Carbfix ohf.
Date: fimmtudagur, 3. febrúar 2022 11:11:44
Attachments: [image011.jpg](#)
[image012.jpg](#)
[image013.jpg](#)
[image014.jpg](#)
[image015.jpg](#)
[image001.png](#)
[image004.png](#)

Sæl Elín.

Við metum lagastoð fullnægjandi fyrir stofnun hlutafélags og verkefnafélags Coda. Opinbert hlutafélag Carbfix var stofnað 2019 og þá kom ekki til umræðu hvort lagastoð væri fullnægjandi fyrir stofnun þess, þrátt fyrir að fyrirséð væri að starfsemin tengdist ekki kjarnastarfsemi með beinum hætti. Með sömu rökum má segja að lagastoð sé fullnægjandi fyrir stofnun hlutafélags Carbfix.

Lagabreytingin sem verður lögð til á næsta löggjafarþingi á 2. mgr. 2. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur verður gerð til að tryggja enn frekar lagastoð OR til að stofna dótturfélög utan um rekstur Carbfix.

Kveðja, Helga



Helga Jónsdóttir, lögfræðingur / Head of Division
Skrifstofa loftslagsmála / Department of Climate Action
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8600
www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



Frá: Elín Smáradóttir <elin.smaradottir@or.is>

Sent: fimmtudagur, 3. febrúar 2022 10:28

Til: Helga Jónsdóttir <helga.jonsdottir@uar.is>; Edda Sif Pind Aradóttir <Edda.Sif.Pind.Aradottir@carbfix.com>; Gestur Pétursson <Gestur.Petursson@veitur.is>

Afrit: Halla Sigrún Sigurðardóttir <halla.sigurdardottir@uar.is>; Helga Barðadóttir <helga.bardadottir@uar.is>; Ása Ögmundsdóttir <asa@uar.is>

Efni: RE: Svar ráðuneytis varðandi lagastoð Carbfix ohf.

Sæl Helga

Kærar þakkir fyrir þessa góðu niðurstöðu.

Ég velti einu fyrir mér:

Í ljósi lokaorða bréfsins annars vegar,



en niðurstöðu viðskiptaskrifstofunnar hins vegar:




Er gengið út frá því að fullnægjandi lagastoð sé fyrir stofnun nýs hlutafélags, verkefnafélags um Coda, og eftir atvikum fleiri verkefna, eða nær niðurstaðan eingöngu til stofnunar félags um Coda verkefnið?

Kær kveðja / Best Regards,

Elín Smáradóttir

Yfirlögfræðingur / General Counsel
Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6177792 | Netfang / E-mail: elin.smaradottir@or.is
Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavik Energy | www.or.is

Tilkynningar



Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.or.is/fyrirvaridisclaimer>

From: Helga Jónsdóttir <helga.jonsdottir@uar.is>

Sent: fimmtudagur, 3. febrúar 2022 09:53

To: Elín Smáradóttir <elin.smaradottir@or.is>; Edda Sif Pind Aradóttir <Edda.Sif.Pind.Araddottir@carbfix.com>; Gestur Pétursson <Gestur.Petursson@veitur.is>

Cc: Halla Sigrún Sigurðardóttir <halla.sigurdardottir@uar.is>; Helga Barðadóttir <helga.bardadottir@uar.is>; Ása Ögmundsdóttir <asa@uar.is>

Subject: Svar ráðuneytis varðandi lagastoð Carbfix ohf.

Sæl Elín, Edda og Gestur.

Í viðhengi er að finna svar ráðuneytisins við álitafni varðandi lagastoð Carbfix ohf. sem og tilkynningu um áformaðar breytingar á lögum um Orkuveitu Reykjavíkur.

Kveðja, Helga



Helga Jónsdóttir, lögfræðingur / Head of Division

Skrifstofa loftslagsmála / Department of Climate Action

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources

Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8600

www.umhverfisraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

